


Reykjavík, 2.maí. 2024

Austurbrún 31 – Fyrirspurn breyting á notkun – USK24030132

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. apríl 2024 var lögð fram fyrirspurn Guðlaugs Eyjólfssonar, dags. 11. mars 2024, um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 31 við Austurbrún í íbúðarhúsnaði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnistjóra.



Loftmynd Borgarvefsjá



Austurbrún 31

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er gildi deiliskipulag fyrir lóðina.

Umsögn

Samkvæmt fasteignamati Reykjavíkur er lóðin á viðskipta og þjónustulóð. Á lóðinni eru tvö íbúðarherbergi, það eldra samþykkt árið 1959, birt stærð 225,3 m² og það nýrra á lóðinni byggt árið 2008, birt stærð 64,5 m².

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að breyta í íbúðarherbergi í íbúð og nýbyggingu a lóð sem aukaíbúð sem yrði þá á sama fastanúmeri. Sækja þarf um byggingarleyfi sem yrði grenndarkynnt fyrir nágrönum.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við fyrirspurnina samanber ábendingum í umsögn, sækja þarf um byggingarleyfi sem yrði grenndarkynnt.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri